

Góðan dag

Ég læt hér fylgja með skýringarmynd af þeim athugasemdum/ábendingum sem ég hef fram að færa varðandi það svæði sem hér er um að ræða. Þessar hugmyndir hafa verið kynntar stjórnarmönnum í Húsfélaginu við Austurveg 41a og 41b lauslega, en stjórnin hefur ekki tekið til þeirra formlega afstöðu. Því er það að ég sendi þetta erindi inn undir eigin nafni.

1. Það þarf að gera ráð fyrir **vinstri beyju af Austurvegi (sjá 1)** inn að blokkunum við Austurveg 39-41. Núverandi umferðaskipulag á þessu svæði er alls ekki viðunandi.
2. Ég tel að **flytja eigi gangbrautina (sjá 2)** eins og sýnt er á myndinni. Gangbrautin norðan Austurvegar er breið og góð og eftir henni er auðvelt að ganga fyrir alla íbúa við Austurveg 39-57 og svo auðvitað einnig þá sem búa í Grænumörk. Það er engum blöðum um það að fletta, að erindi gangandi íbúa á ofangreindu svæði eru fyrst og fremst tengd Versluninni (Nettó) og lyfjabúðinni (Lyfju). Með gangbraut á þessum stað yrði til miklu óheftari/auðveldari aðgangur fyrir fólk af þessu svæði að þeirri þjónustu sem þarna er um að ræða.
3. Það ætti að **loka fyrir út/innakstursmöguleika þarna (sjá 3)**. Þegar umferð er mikil, myndast þarna oft heilmikil flækja og ekki bætir úr skák þegar við bætast gangandi íbúar frá blokkunum sem eru norðan Austurvegar, á leið í lyfjabúðina eða verslunina um núverandi gangbraut. Aðgengi fyrir akandi umferð að þjónustu þarna væri alveg fullnægjandi frá Rauðholtinu og frá innakstrinum sem er á móti Sýslumannstúninu (sjá 4). Hér er einnig bent á, að þegar Austurvegur verður ekki lengur hluti af Þjóðvegi 1, má mjókka hann (sjá brotalínuna merkt 6) og skapa þannig meira rými við þjónustufyrirtækin.
4. Aðgengi frá Rauðholti og frá inn/útakstri fyrir framan Nettó **(sjá kassa merkt 4)**. Þarna þarf að auðvelda inn- og útakstur af bílastæðum fyrir þjónustufyrirtækin sem þarna eru.
5. **Lóðamörk Grænumarkar og Austurvegar 39-41 (Sjá 5)** Vandræðasvæði þar sem takast á þær skoðanir að þarna ætti að loka alveg fyrir akstur og skoðanir þeirra sem vilja opna fyrir akstur þarna á milli. Þetta þarf að leysa í samvinnu við íbúa. Meginástæða þess að íbúar við Austurveg 41 vilja láta loka þarna er umferð að og frá Grænumörk. Bílastæðin þarna verði þá nokkurskonar umferðargötu, sem skapar talsverðan ófrið, sérstaklega við Av 41b.
6. **Brotalínurnar.** Þarna er bent á mögulega stækkun bílastæða við þjónustufyrirtækin sunnan Austurvegar, en þegar hann verður orðinn að innanbæjargötu, ætti að vera óhætt að mjókka hann nokkuð.

